

## Foreldraráð Leikgarðs veturinn 2013-2014

### 2. fundur, mánudaginn 11. nóvember 2013

Mættar: María Petrína leikskólastjóri, Íris, Jóna, Sirrý, Kristjana og Inga.

1. Mál: Vala aðstoðarleikskólastjóri er farin í veikindafri. Ekki er vitað hve lengi hún verður frá. Búið að ganga frá afleysingum. Friðrika er deildarstjóri á Svanakoti í fjarveru Völu. Lóa er hætt og því mætir fyrsti starfsmaður á Kisukot kl.08. Starfsmenn annarra deilda taka á móti börnum af Kisukoti í sal frá kl.07:45. Verið er að athuga hvort einhver starfsmaður Kisukots getur komið kl.07:45.
2. Mál: Í október kom upp nóróveirusýking á Leikgarði. Búið er að sóttgreinsa allan leikskólann og útbúa verklagsreglur, bæði um innra starf og veikindi barna. Til dæmis hefur umferð um eldhús verið takmörkuð verulega.  
Viðmiðanir um hvenær hringt er í foreldra vegna veikinda barna er:
  - Ef hiti fer yfir 38°C
  - Ef börn eru mjög slöpp og líður illa
  - Ef barn sýnir önnur merki um veikindi, til dæmis augnsýkingu.
3. Mál: Borið hefur á augnsýkingum. Barn er með augnsýkingu þegar hvítan er orðin rauð og gröftur liggur í auganu. Augnsýkingar eru bráðsmitandi en ganga yfir á þrem sólarhringum. Mikilvægt er að börn séu heima meðan mestu einkenni ganga yfir.
4. Mál: Skólamyndataka. María Petrína sér um að velja dag og panta myndatöku.
5. Mál: Foreldrafélagið þarf að koma sér upp reglum. Ákveðið var að allir kynntu sér reglur annarra foreldrafélaga og kæmu með tillögur á næsta fund. Lagt upp með að hafa þær fáar og einfaldar.

6. Mál: Fundir foreldraráðs í vetur verða annan mánudag í mánuði kl.14.
  
7. Mál: Annað.
  - a. Rætt um álag sem skapaðist í september og október vegna veikinda starfsfólks og nóróveirunnar. Hefur verið rætt meðal starfsmanna og búið að gera ráðstafanir til að auka starfsánægju.
  - b. Foreldrar almennt ánægðir með fyrirlestur um High scope stefnuna.
  - c. Fyrirspurn um samskipti starfsfólks og foreldra. Æskilegt að allir muni eftir kurteisinni og gefi sér tíma til að ræða málin. Leikskólastjóri ítrekaði að foreldrar og starfsfólk geta alltaf óskað eftir viðtali ef eitthvað sérstakt kemur upp.
  - d. Sérstök fyrirspurn út frá umræðu í foreldrahóp á facebook: Foreldrar óska eftir aukinni útiveru. Leikskólinn mun koma til móts við það eins og unnt er.
  - e. Næsti fundur hugsanlega færður til vegna próftíðar.

Fundarritari: Sirrý Sif Sigurlaugardóttir